No 25 Aðalgata 25

Samrit. B

# Grunnleigusamningur.

Við undirritaðir umboðsmenn eigenda Suðureyrar í Súgandafirði, gerum með brjefi þessu kunnugt, að við leigjum herra *Magnúsi Árnasyni* á *Suðureyri* í *Súgandafirði* lóð undir hús á Suðureyrarkaupstaðarlóð með eftirfarandi skilmálum:

Hin leigða lóð er:

1. Lóð sú sem húsið stendur á og sem er *7.5 metar* á lengd og *6.25 metr.* á breidd *Útbygging við austurhlið 4.5 x 1.25 m., útbygging við vesturhlið 1 x 3 m. Ennfremur 3.2 m. útfrá suðurenda, 16 m útfrá norðurenda og 6.5 m. útfra vestari útbyggingu.*
*Öll lóðin er 26.7 m. frá norðri til suðurs og 15 m frá austri til vesturs eða til samans 400.5 □m.*

2. Leiga af lóðinni er *tólf og hálfur eyrir* af hverjum ~~bygðum og~~ [redacted] ferhyrningsmetra, eða til samans ársleiga kr. *54.00*

3. Eindagi á gjaldi þessu er 30. seftember ár hvert og greiðist til umboðsmanna eigendanna á Suðureyri. Ársleiga greiðist í fyrsta sinn 30. seftember 19*14*

4. Lóð þessi er seld leigulíða á erfðafestu til *99* ára frá undirskrift þessa samnings, má hann selja hana og veðsetja með húsi því sem hún fylgir, en eigi leigja hana öðrum til byggingar. Viðauki við húsið og ný bygging á lóðinni skal gerð með vitund og í samráði við umboðsmenn eigendanna. Að *99* árum liðnum fellur þessi samningur úr gildi nema hann áður hafi verið framlengdur eða endurnýjaður.

5. Falli niður bygging á lóðinni fellur hún aftur til eigenda jarðarinnar, ef ekki hefir verið bygt á henni á næstu þremur árum eftir að bygging fjell. Þetta á jafnt við þá, er ekkert fémætt verður eftir á lóðinni t. d. við bruna, og þá er verðmæti stendur eftir, sem og þá er byrjað hefir verið að byggja á lóðinni og af einhverjum ástæðum ekki haldið áfram; verðmæti það, sem eftir stendur á lóðinni við slík atvik, skal að þremur árum liðnum selt við opinbert uppboð, og andvirði að frádregnum kostnaði afhent rjettum hlutaðeigendum og er þá þessi samningur úr gildi genginn.

~~6. Beri svo til að umboðsmönnum eigendanna þyki nauðsynlegt að taka sneið af lóð þessari undir götu, er leigulíða skylt að láta hana af hendi án sérstaks endurgjalds, en árgjald hans til eigendanna minkar að því skapi, sem óvilhallir menn þar til kvaddir meta að hann hafi mist af lóðinni.~~

*6* Eigendur lóðarinnar áskilja sjer eftir sem áður öll hlunnindi og réttindi sem jörðinni fylgja, t. d. fjörunytjar, reki, veiði, landshluti o. s. frv. Uppsátur getur leigulíði fengið með sömu skilmálum og aðrir.

*7*. Alla skatta og afgjald af húsi og lóð sem nú eru eða síðar verða álögð, beri leigulíði, eigendum að kostnaðarlausu.

*8*. Vilji leigulíði hafa kvikfjenað, t. d. kýr eða sauðfje, ber honum að semja við ábúendur Suðureyrar um leyfi til beitar og borgun fyrir hagagang o. s. frv. Án leyfis ábúenda má hann alls ekki hafa kvikfjenað,

9. Allar kröfur lóðareigenda sem af samningnum leiða hafa annan veðrjett í húseign þeirri, sem á lóðinni stendur; *þó kemur þessi liður fyrst til greina þegar leiguliði stendur ekki í skilum við leigukala.*

10. Mál út af samningi þessum skulu rekin sem gestarjettarmál að Suðureyri og er leiguliða skylt að mæta með sama fyrirvara og aðrir hjersveitarmenn.

Af brjefi þessu eru gerð tvö samrit og haldi leiguliði öðru en eigendur hinu.

Gert að Suðureyri *12 Sefember* 19*13*

*pr* Eigendur Sudureyrar *12-9-13* í Súgandafirði. *Kr. Þorvaldsson*

*Fridbert Gudmundsson Valdemar Þorvaldsson*

Framanskráðan samning samþykki jeg og lofa að halda hann í öllum greinum.

*Magnús Árnason*

Vitundarvottar:

*Fridbert Fridbertsson*

*Jón Fridriksson*

*Viðból við framanskráða lóð þessa samnings höfum vjer umboðsmenn eigenda á Suðureyri útmælt sem viðból við húslóð Magnúsar Árnasonar, við norður enda lóðarinnar 5 metra langs meðfram hinni fyrirhugaðri götu, og 15 metra breidd frá götu upp í brekkuna. ~~Lóðarviðbólin~~ er til samans 75 □ metrar. Leiga af lóðarviðbólinu óbygðu 5 aurar af þrejum ferhyrnings metra, - eða til samans, ársleiga ~~Kr~~ 3,75 au. Eindagi á gjaldi þessu er 30 september ár hvert, og greiðist til Innheimtu manns eigenda á Suðureyri. Ársleigan greiðist í fysta sinn 30 september 1917. Lóðarviðból þessi er seld leiguliða á erfðafestu til 50 ára, 5-6-7-8-9-10 gr samnings þessa gilda óbreittar lóðarleigungu þessar.*

*Gert að Suðureyri 24 Juni 1916.*

Eigendur Sudureyrar *24-6-16.*

*Guðm Þorbjarnarson* *Jón Einarsson*

*Halldór B. Fridriksson*

*Vitundarvottar*

*Kr. G. Þorvaldsson*

*Ólafur J. Gestsson*

*Framanskráðan samning samþykki jeg og lofa að halda hann í öllum greinum.*

*Magnús Árnason*